

## 6. gr.

53

Endurskoðendur ber hreppsnefnd Djúpárhrepps að kjósa til þriggja ára í senn. Skulu þeir gæta þess vandlega að fyrir-mælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt og vanda um ef út af er brugðið. 24. marz

## 7. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda til stjórnarnefndarinnar fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Við úthlutun styrksins skal vandlega tekið tillit til ástæðna og hæfileika umsækjenda og gildir í öllu það sama um karl sem konu.

## 8. gr.

Sannist það, að styrkþegi verji styrknum í verulegum atriðum gagnstætt fyrir-mælum skipulagsskrár þessarar, missir sá eða sú rétt til styrksins framvegis.

## 9. gr.

Verði eitthvert ár enginn styrkur veittur af því að engin umsókn hefur borizt, er það á valdi stjórnarinnar hvort hún á næsta ári veitir því meiri styrk sem upp-hæðinni nam eða jafnar því niður á fleiri ár.

## 10. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins og endurskoðendur fá enga þóknun fyrir starf sitt.

Hábæ, 8. september 1946.

Sigurður Ólafsson. Sesselja Ólafsdóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð Kirkjubæjar á Rang- 54 árvöllum“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Kirkjubæjar á Rangárvöllum.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Kirkjubæjar.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Boga Thorarensen, af fé því, er vinir hans heiðruðu hann með við burtför hans úr Rangárvallahreppi vorið 1950.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10740 — tíu þúsund sjö hundruð og fjörutíu — krónur.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir.
- b. Gjafir og aðrar tekjur, er honum kunna að áskotnast.

54

24. marz

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Rangárvallahrepps, oddviti Rangárvallahrepps og formaður búnaðarfélags Rangárvallahrepps eða þeir, sem seinna kunna að vinna þeirra störf, þó undir öðrum nöfnum kunni að verða. Skipi sami maður tvö eða fleiri af þessum störfum, er um ræðir, skipar hreppsnefnd Rangárvallahrepps menn, er á vantar til þess að full tala stjórnar fáiast. Stjórnin velur sér formann. Skal hún annast fjárreiður sjóðsins og sjá um ávöxtun hans.

5. gr.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita árlega heiðursverðlaun til Rangvellinga fyrir:

- a. Bezta fóðrun og hirðingu búfjár.
- b. Bezta ræktun.
- c. Fegursta skrud- eða trjágardinn.

Á meðan sjóðurinn er lítills megnugur skulu verðlaunin vera skrautprentað skjal undirritað af stjórn sjóðsins, en seinna þegar sjóðurinn eflist, skulu að auki veitast gripir, er séu til heimilisprýði, svo sem málverk o. fl. Verðlaunin séu ævarandi eign býlanna.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina ber að færa allar fundargerðir stjórnarinnar, heiðursverðlaunaveitingar, reikninga og allt, er varðar hag hans og rekstur.

8. gr.

Reglugerð þessa má endurskoða og auka tilgang sjóðsins, þó ekki fyrr en vorið 2000.

9. gr.

Reikningar sjóðsins endurskoðist af sýslunefnd Rangárvallasýslu.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

Kirkjubæ, 12. maí 1950.

**Bogi Thorarensen.**

55

24. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. marz 1953.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Sesselju Þórðardóttur og Ólafs Jónssonar frá Hávarðarkoti í Þykkvabæ og er gefinn af barnabörnum þeirra á minningarsamkomu að Selfossi þann 30. okt. árið 1948.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 2700 — tvö þúsund og sjö hundruð — krónur og má aldrei skerðast. Skal það ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri tryggri stofnun.